

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
101 Reykjavík
Sent í samráðsgátt Stjórnarráðsins

Garðabær, 16.12.2022
Tilvísun: 202212-0026
SKV/SBR/SS

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að reglugerð um verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa, mál nr. 221/2022.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar því að unnið sé að því að vernda bæði viðkvæm hafsvæði og botnvistkerfi með tilliti til botnveiða og verndunar vistkerfa og varúðarnálgunar. Þær tillögur sem lagðar eru hér fram eru góðar og tímabærar.

Rétt er að minna á alþjóðlega samninga sem Ísland hefur undirritað er varða vernd hafsins og líffræðilega fjölbreytni og má þar nefna OSPAR, Samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD), RAMSAR, MARPOL og Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni var markmið að net verndarsvæða í hafi nái yfir 10% af hafsvæði aðildarríkja fyrir 2020. Í samningaviðræðum um nýja stefnu til 2030, sem fram fara nú á COP-15 fundinum í Montreal, er stefnt að því að samþykka markmið um 30% verndun. Aðildarríki OSPAR samningsins um verndun Norð-Austurs Atlantshafsins settu sér sambærilegt markmið árið 2021 að verndunaraðgerðir (e. Marine Protected Areas, MPAs, and other effective conservation measures, OECMs) nái yfir 30% af Norð-Austur Atlantshafinu árið 2030. Þeir alþjóðasamningar sem Ísland er aðili að fela í sér miklar skuldbindingar hvað varðar verndun hafsvæða og vistkerfa og ljóst að hingað til hefur Ísland verið langt því frá að standa við þær skuldbindingar.

Í skýrslu frá 2006 (Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni – Umhverfisendurskoðun) taldi Ríkisendurskoðun að aðild Íslands að Samningnum um líffræðilega fjölbreytni hafi haft mjög takmörkuð áhrif á íslenska löggjöf og opinbera stefnu á sviði líffræðilegrar fjölbreytni. Athygli vakti að aðildin hafi ekki leitt til meiri rannsókna og aukinnar áherslu á náttúruvernd en raun ber vitni. Sérstaka athygli vakti hve lítil áhersla virðist lögð á náttúrufræðilegar rannsóknir sem frá upphafi mátti gera ráð fyrir að aðildin ýtti mjög undir. Þessi niðurstaða Ríkisendurskoðunar er enn í fullu gildi nú tæpum 20 árum eftir að skýrslan kom út. Þekking á líffræðilegri fjölbreytni í hafinu umhverfis landið er enn ábótavant og stórauka þarf rannsóknir hérlendis á vistkerfum hafsins til þess að bæta við þá þekkingu sem nú þegar er til staðar.

Nær öruggt er að fleiri svæði en nefnd eru í reglugerðinni þurfi á friðun eða verndunaraðgerðum að halda sé horft til fleiri þátta en viðkvæmra botnvistkerfa. Þar vill Náttúrufræðistofnun sérstaklega leggja áherslu á grunnsævi, en óhætt er að segja að áhugi á margs konar nýtingu á grunnsævi fari mjög vaxandi með tilheyrandi hættu á vaxandi álagi á lífríki þeirra. Þar má nefna efnistöku, þang- og þaratöku, kalkþörungavinnslu, sjókvíaelði, skeldýrarækt o.fl auk þess sem



áhrifa gætir frá siglingum, ferðaþjónustu, vegaframkvæmdum, orkuvinnslu og ýmissi starfsemi frá landi. Mjög brýnt er að mati Náttúrufræðistofnunar að horft sé til þess að kortleggja verndargildi vistkerfa á grunnsævi og skilgreina verndarsvæði þar til viðbótar við þau sem hér eru lögð til fyrir botnvistkerfi og úthafssvæði. Þá má nefna mikilvæg fæðuöflunarsvæði sjófugla og sjávarspendýra. Náttúrufræðistofnun hefur lagt fram tillögur að verndarsvæðum fyrir sjófugla og seli í tilnefningum sínum fyrir B-hluta náttúruminjaskrár. Mikilvægt er að skoða samræmi milli ólíkra verndartillagna. Öll slík vinna þarf að byggja á traustum grunni sem ekki fæst nema með aukinni þekkingu á vistkerfum hafsins í kringum Ísland. Þá vill Náttúrufræðistofnun benda á mikilvægi þess að horft sé til þess hvernig ólík stjórnþæki í náttúruvernd eru notuð og samþætt t.d. samspil friðlýsinga í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 við stjórnþæki veiðistjórnunar sem beitt er í reglugerð þessari.

Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur stjórnvöld til að auka fjármagn til grunnrannsókna hafsvæða og stefna að skilgreiningu fleiri fjölbreyttra verndarsvæða í hafi svo hægt sé að standa við gerða samninga um verndun hafsvæða og fjölbreytni lífríkis í íslenskri lögsögu.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar
Náttúrufræðistofnun Íslands

